



Hljómsveitin Kóma voru flottir á sviði. Mynd: Dagskráin/HGL

Óskar í Hruna sigraði í Blítt og létt

Það var mikil stemning og gleði þegar söngkeppni Menntaskólans að Laugarvatni, Blítt og létt, var haldin á fimmtudagskvöldið í síðustu viku. Alls tóku þátt 12 keppendur sem allir stóðu sig með sóma. Einn keppandinn bar af en það var hann Óskar Snorri Óskarsson frá Hruna, ásamt hljómsveit sinni Kóma, sem bar

sigur úr bítum. Þeir tóku gamla Hljómaslagarann *Lover Man af einstakri innlifun*. Pálmi Gunnarsson kynnti sigurvegarann fyrir hönd dómnefndar sem var á einu máli um sigurlagið, en í dómnefnd sátu, ásamt Pálma, Gugusar og Elín Ey.

Í öðru sæti var Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir sem flutti lagið *Runnin'* með Beyoncé og í þriðja

sæti var Hákon Kári Einarsson sem flutti lagið *Slow Dancing in a Burning Room* eftir John Mayer. Verðlaun fyrir skemmtilegasta atriðið fékk Teitur Snær Vignisson ásamt diskóbandinu Aðeins meira diskó, þeir fluttu *More Than a Woman* með Bee Gees.

HGL



Fiðlufjör hlaut Menningarverðlaun Suðurlands 2022

Þann 9. nóvember var Chrissie Telmu Guðmundsdóttur veitt Menningarverðlaun Suðurlands 2022 fyrir verkefnið Fiðlufjör. Verðlaunin eru samfélags- og hvatningarverðlaun á sviði menningar á Suðurlandi. Alls skiluðu sér 51 tilnefningar um 15 verkefni. Mikil breidd var í tilnefningum og gæðum þeirra. Eru tilnefningarnar aðeins toppurinn af ísjakanum í því mikla menningarstarfi sem á sér stað í fjórðungnum.

Fiðlufjör er þriggja daga fiðlunámskeið sem haldið er árlega á Hellu og Hvolsvelli. Þar koma saman nemendur, kennarar og aðstandendur alls staðar að af landinu og sameinast í gleði og krafti tónlistarinnar. Kennsla og þjálfun er sinnt af tónlistarfólki frá Suðurlandi í bland við kennara úr öðrum landshlutum. Haldnir eru tónleikar bæði á Hellu og Hvolsvelli í tengslum við námskeiðið og gefst gestum tækifæri að kynna lífi og menningu annarra íbúa á svæðinu og taka með sér heim

dýrmæta reynslu og jákvæða upplifun frá Suðurlandi. Fiðlufjör er tónlistarveisla sem eflir menningu á Suðurlandi, það bætir ekki aðeins samfélagið í landshlutanum heldur einnig samfélög í öðrum landshlutum. Námskeiðið hvetur börn til þátttöku og að halda áfram að læra og tileinka sér færni á hljóðfæri. Má segja að námskeiðið sé lyftistöng fyrir tónlistarlíf og menningu á svæðinu.

Chrissie Telma Guðmundsdóttir hefur með verkefninu Fiðlufjör vakið verðskuldaða athygli á menningarviðburðum og gefið jákvæða mynd af Suðurlandi. Hún hefur með eljusemi, dugnaði og metnaði unnið frábært menningarstarf á Suðurlandi og hefur hvatt börn til að taka þátt í menningarstarfi á svæðinu. Fiðlufjör hefur aukið samstöðu og skapað ný tengsl við menningu meðal íbúa. Hefur hún jafnframt aukið áhuga barna og virkni þeirra í tónlistarnámi sem er mikilvægt fyrir framtíð Suðurlands.

Viss á Flúðum styrkir krabbameinsfélagið

VISS á Flúðum vildu leggja sitt af mörkum í tengslum við bleikan október og málaði steina sem seldir voru á Flúðum til styrktar krabbameinsfélaginu. Á dögunum gerðu þau sér svo ferð til höfuðborgarinnar til að afhenda 106.000 kr. sem safnað var. Starfsfólkið hjá VISS á Flúðum sendir öllum sem hjálpuðu til við verkefnið kærar þakkir.



Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi fyrirtæki

Komdu í kaffi og kíktu á sólpallinn!



Bókakaffið AUSTURVEGI 22, SELFÖSSI





DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Hannaðu það sjálfur!

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.



SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

prentmetoddi
heildarlausnir í prentun

Umúðir Almenn prentun Bækur Límniðar Stimplar

25 ár á leiðinni til Ameríku

Í októbermánuði var stuttlega í fjallað um íslenska torfæru sem fram fór í Bikini Bottoms OffRoad Park í Dyersburg, Tennessee í Bandaríkjunum Norður-Ameríku þar sem nokkur hundruð íslendingar fylgdust með þegar 16 ökumenn á íslenskum torfærubílum öttu kappi. Í þremur efstu sætum voru jafn margir Sunnlendingar. Í fyrsta sæti var Geir Evert Grímsson frá Selfossi á Sleggjunni, í öðru sæti var Ingvar Jóhannesson frá Vík á Víkingnum og í þriðja sæti var Guðmundur Eliasson frá Vík á Ótemjunni.

Guðbjörn Grímsson, oftast kallaður Bubbi, er maðurinn á bakvið þessa skemmtilegu torfæru. „Þetta byrjaði fyrir nokkuð mörgum árum síðan, eða árið 1990, þegar við fórum með torfæruna til Svíþjóðar, ég og Ragnar Heiðar Kristinsson heitinn eða Raggi smíður, vorum saman í stjórn Jeppaklúbbs Reykjavíkur. Við skipulögðum ferð til Svíþjóðar en hann og Steini Sími fóru með hópinn vegna þess að ég átti ekki heimangengt og við ætluðum svo árið eftir til Bandaríkjanna, en árið eftir varð síðan ekki fyrirren 2016, en ég byrjaði að endurvekja drauminn um þetta Ameríkuævintýri í kringum 2010.“

Amerískt stórgrýti hentar ekki Íslenskum torfærubílum

Bubbi segir að aðal vandamálið sé að fá svæði fyrir keppnirnar. „Ég komst að því fljótlega þegar ég fór að skrölta um Ameríku og skoða svæði og annað, ég fann svæði sem voru fin en til þess að geta keppt þurftum við að sækja um leyfi og fleira og þetta hefði verið fjárfesting sem hefði hlaupið á tæpri milljón dollara, ef maður hefði ætlað að skella í torfærukeppni á svæði sem var ekki fyrirfram tilgreint akstursíþróttasvæði eða leiksvæði. Þannig að ég fór að skoða „parka“ eða „offroad parka“ eins og Bikini Bottoms eru, en flest af þessum svæðum í Bandaríkjunum sem ég skoðaði eru bara í stórgrýti sem hentaði okkur ekki, við þurfum að hafa mól, mold eða finna efnu.“

Hélt að hann væri sölumaður

„Svo var það fyrir tilviljun að ég var að horfa á Youtube myndband frá Bikini Bottoms á 17. júní 2015 þegar ég sá að



þar var réttur jarðvegur. Ég reif upp símann og hringdi í Bob Williams, en hann og Pam, konan hans eru eigendur Bikini Bottoms OffRoad Park. Í fyrstu hélt hann að ég væri að reyna að selja honum eitthvað og skildi ekki alveg hvað ég var að tala um. Svo hringdi hann í mig korteri seinna, þá var hann búinn að átta sig á því að ég væri ekki að reyna að selja honum neitt, var búinn að finna út hvað torfæran var og var orðinn fullur áhuga. Svo mikið að hann kom og heimsótti mig til Noregs og fór með mér á torfærukeppni þar, kom líka til Íslands og úr varð að við ákváðum bara að kyla á þetta,“ segir Bubbi.

Allt gert fyrir Íslendingana

Bubbi fór ásamt Árna Kóps og Gulla Helga til Ameríku til að skoða svæðið í Bikini Bottoms. „Það var allt fullt af trjám og eiginlega ekkert pláss til að keyra í, ég sagði að það þyrfti að taka eitthvað af þessum trjám. Ekkert mál sagði Bob, ríf þau öll niður, nema þessi þrjú þarna. Þessi þrjú eru þarna ennþá en allt hitt fór bara í burtu og svo varð gerð brekka fyrir torfæru. Ég held að torfæran hefði aldrei farið af stað í Ameríku ef ekki væri fyrir Bob. Hann er með fyrirtæki með grófur og annað svo að þetta var ekki flókið fyrir honum.“

Íslendingarnir full villtir

Það var svo árið 2016, ári eftir að Bubbi sá þetta örlagaríka Youtube myndband að Íslenska torfæran fór til Ameríku, 25

árum á eftir áætlun. „Í rauninni var hugmyndin aldrei að fara með meira en einn gám og tíu kalla út, bara sýna hvað við værum að gera. En það endaði í 16 bílum og á bilinu 3-400 manns og það var búin til bío-mynd um þetta meira að segja. Við fórum svo þarna á hverju ári fram að covid og svo núna fyrst aftur eftir það. Fyrst og fremst erum við að þessu til að leika okkur og hafa gaman. Þó þetta sé sýningarkeppni þá er þetta samt full keppni með verðlaunum og öllu. Við eigum erfitt með að fá kanann til að byggja bíla og keyra með okkur, ég hef grun um að þeim finnst við full villtir,“ segir Bubbi og hlær.

„Óli á Ljónsstöðum heitinn kom inn sem ómetanleg aðstoð við að peppa upp í mönnum í fyrstu keppninni árið 2016. Óli var jafn einstakur og Raggi á sinn hátt, held það sé enginn torfæruökumaður sem Óli sponsaði ekki á einhvern hátt, svo má ekki gleyma Elvu Stefánsdóttur sem var með í USA bróltinu frá 2014. Hún sá um mikið af samskiptum við USA og kom að skipulagningu keppna frá upphafi og var allavega mín hægri ef ekki báðar hendur“ segir Bubbi.

En verður farið út á næsta ári? „Það getur vel verið að einhver taki þetta að sér en ég sjálfur ætla ekki að gera neitt fyrr en á 60 ára afmæli torfærunnar 2025. Hvort það verður í Bikini Bottoms eða einhversstaðar annarsstaðar á eftir að koma í ljós,“ segir Bubbi að lokum. **HGL**





blómavali HÚSASMÍÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Tveir
dagar

Miðvikudag og fimmtudag

HÚSASMÍÐJU DAGURINN

Opið til kl. 20 á fimmtudaginn

25% afsláttur

Allar seríur og jólaljós • Allt jólaskraut • Allar vörur í Blómavali • Allt á aðventukransinn
Dúkar og servíettur • Jólappapír og borðar • Kerti- stjakar og luktir • LADY málning Handverkfæri
Grohe og Damixa blöndunartæki eldhús og bað • Dewalt verkfæri Hikoki verkfæri • Black + Decker verkfæri
Milwaukee verkfæri • Verkfærakassar • Smáraftæki • Perur og ljós (Gildir ekki af HUE) • Salerni og handlaugar
Eldhúsvaskar • Parket • Flísar • Hillurekkar Avasco • Áltröppur og stigar • Loftverkfæri Tjep • Háprýstidælur
Pottar og pönnur • Glös og matarstell • Bökunarvörur • Gjafavörur Gæludýravörur • Hreingerningarvöru
Pottaplöntur ... og margt fleira



Vefverslun
husa.is

Tilboðin gilda líka
í vefverslun

Afsáttur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmíðjunnar“.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Gestir nutu sín vel á kósýkvöldinu. Mynd: Miðbær Selfoss/Bernhard Kristinn

Gríðarlega vel heppnað Kósýkvöld í Miðbæ Selfoss

Fimmtudagskvöldið 10. nóvember sl. var í fyrsta sinn haldið Kósýkvöld í Miðbæ Selfoss þar sem verslanir og veitingastaðir buðu upp á tilboð og lengda opnunartíma og er skemmst frá því að segja að bæjarbúar hafi tekið vel í þetta uppátæki miðbæjarfólks.

Elísabet Ósk Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri hjá Sigtún Pró-unarfélagi segir að kvöldið hafi verið gríðarlega vel heppnað. „Við erum þakklát fyrir frábærar móttökur. Kósý stemning einkenndi miðbæinn og bærinn var fullur af fólki. Kósýkvöldið er komið til að vera en stefnan er að halda kvöld sem þetta tvisvar á ári, að hausti og vor. Fólk mætti greinilega til að gera góð kaup og taka forskot á aðventuna en opið var í verslunum og veitingastöðum til 22 og buðu allir upp á virkilega góða afslætti allan daginn auk þess sem verslanir fengu góða gesti í heimsókn.“

Eitthvað fyrir allan aldur

Sirkus Íslands mætti með skemmtiatriði, eldgleypir sýndi listir sínar, töframaður róltili um og skemmti börnum og fullorðnum og Elísa Dagmar Sel-fyssingur söng falleg lög á Brúartorgi sem gerði stemninguna á torginu alveg einstaklega nota-lega og fallega. Stemningin lifði lengi frameftir en Tvíhöfði var með uppistand á Sviðinu og þar var uppselt og svo var svokallað söngkvöld (singalong) á Risinu þar sem var fullt hús.

Konungskaffi bauð upp á úti-

sölu á Brúartorgi þar sem mátti fá ristaðar möndlur og heitt kakó. Messinn var líka með úti-sölu á súpu og heitum drykkjum. Veitingastaðir í Mjólkurbúinu voru svo með ýmis tilboð í gangi.

„Það sem gerir svona kvöld einstakt er auðvitað fólkið sem mætir og nýtur matar, drykkjar og góðra stunda. Þetta er hluti af því að við viljum gera vel við heimamanninn sem hefur tekið

miðbænum frábærlega. Það hefur verið markmið verkefnisins frá upphafi að hann sé byggður fyrir heimamanninn. Það var svo gaman að sjá fólk alls staðar að en það voru greinilega margir sem gerðu sér ferð úr borginni og nágrennabyggðum. Við erum þakklát fyrir kvöld sem þessi og hlökkum til að halda áfram að skapa góðar stundir í miðbænum okkar,“ segir Elísabet að lokum.

HGL



**Sunnlenski
matgæðingurinn**



Ólafur Högni er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég þakka mági mínum honum Jóni Kristjáni Gunnlaugssyni fyrir þessa áskorun og hlakka til að smakka réttinn hans. Ég ætla að halda mig við suðrænar slóðir og fara til Spánar að þessu sinni, en þessi réttur er mjög vinsæll meðal heima-fólks og nefnist Paella og samanstendur meðal annars af hrísgrjónum, sjávarfangi, kjúkling, chorizo pylsu og grænmeti og í mínu tilfelli var þetta ást við fyrstu smökkum. Þessi uppskrift er fyrir c.a. 6 manns og gott að notast við stóra, djúpa pönnu eða pott sem ræður við verkefnið.



Marokkóska fiskikryddinu frá kryddhúsinu) og geymið svo í skál.

Skerið kjúklingabringurnar í hæfilega bita og steikið á pönnu, ásamt blönduðu sjávarréttunum og kryddið (mæli með Shawarma og Tikka Masala frá Kryddhúsinu). Bætið svo chorizo skorinni pylsuni út í látið svo í skál og geymið. Því næst steikjum við laukinn, hvítlaukinn, baunirnar og paprikuna á pönnunni og bætum hökkuðum tómötum út í, eftir að grænmetið hefur tekið sig aðeins.

Látum svo bringurnar, sjávararréttina og chorizo pylsuna saman við á pönnuna, ásamt vatninu og leyfum að malla í 10 – 15 mínútur og látið svo saffran kryddið út í og blandið saman.

Blandið grjónunum (ósoðnum) saman við og leyfið þessu svo að malla saman þar til að grjónin eru orðin mjúk og vökvín að mestu upp gufaður.

Að lokum þegar grjónin er orðin mjúk, þá röðum við rækjunum ofan á og kreistum sítrónuna yfir.

Verði ykkur að góðu.

Í þessa uppskrift þurfum við:

- 4 kjúklingabringur
- 500. gr. af rækjum
- 1 box af blönduðum sjávarréttablöndu (t.d. frá Sælkerafiski)
- 5 dl af risotto grjónum
- 200 gr. af Chorizo – pylsa (skorin í bita)
- 1 stór dós af hökkuðum tómötum ca. 400 - 500. gr.
- 1 stór laukur (skorinn í bita)
- 1 paprika rauð eða græn (skorin í bita)
- 2 kjúklingakraftsteningar (hræðir út í vatnið)
- 3 hvítlauksrif söxuð
- 300 gr. af frosnum grænum baunum
- Vatn eftir þörfum (ca. líter)
- Ólívuolía, notuð til steikingar
- 1 síturóna
- 1 teskeið af Saffran kryddi

Byrjum á að steikja rækjurnar á pönnu með ólívuolíu og passið að þær séu vel hreinsaðar, kryddið (mæli með

Takk aftur fyrir þessa áskorun Jón og ég ætla að senda boltann yfir til Vestmanneyja, en þar er hress og mikill eyjapeyi sem er margt til lista lagt og er matargerð þar með talin, því fær Sigurjón Vídalín Lýðsson næstu áskorun í röð sunnlenskra matgæðinga.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánuðegi.

Aflvélar og Búvélar flytja

Aflvélar ehf og Búvélar ehf fluttu nýverið í nýtt og glæsilegt húsnæði í Gagnheiði 35, á Selfossi, en þau voru áður á Austurvegi 69. Þar má finna verslun og glæsilegan sýningarsal, þar sem inni eru dráttarvélar, heyyvinnutæki, verslunarvara og varahluta-sala. Einnig er glæsilegt útisvæði þar sem má finna sýnishorn af þeim tækjum sem Aflvélar selja. Þessi fyrirtæki eru m.a. með umboð fyrir og selja Valtra og Massey Fergu-



son dráttarvélar, Pronar, heyyvinnutæki, vagna og vetrar-tæki, Odes og Goes fjórhjól, og margt fleira.

Mikil ánægja er hjá starfs-fólki og viðskiptavinum með nýja aðstöðu og alla umgjörð í Gagnheiðinni.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Endastaður oftast vís, ástand sem ég tæpast kys, mínus einn er merkisbær, misgott yfir hafið fær.

Svar við gátu í blaði 2674: **VÍSA**

1. **Vísa** á makker, sagt í spilum - 2. **VÍSA**-kort
3. **Vísa** veginn - 4. Afleit þessi **vísa** er



JOE & THE JUICE

1. ÁRS

Selfoss


AFMÆLI

14. - 20. NÓVEMBER



**SAMLOKA +
LÍTILL DJÚS
= 1.490 KR**

ALLA AFMÆLISVIKUNA





HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Bólusetningar

í Árnes- og Rangárvallasýslum



Bólusetning gegn Covid 19 – grunnbólusetning (ekki örvunarskammtur).

Boðið verður upp á grunnbólusetningu gegn Covid 19 (sprauta eitt og tvö)

6. og 7. desember n.k.

Bókanir fara fram á hverri starfsstöð, en bólusettt verður á Selfossi.

Inflúensubólusetningar barna 6 mánaða til 2ja og hálfis árs.

Sóttvarnarlæknir hefur útvíkkað forgangshópa sem fá inflúensubóluefni sér að kostnaðarlausu til barna á aldrinum 6 mánaða til 2,5 árs.

Inflúensubólusetningar verða í boði í heimsóknum í ung- og smábarnavernd á tímabilinu 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2023.

Einnig er hægt að panta tíma utan ungbarna-verndar.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og dagsetningar fást á öllum starfsstöðvum.

LAUS STAÐA HJÁ SELFOSSEITUM

Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.

Selfossveitur óska eftir starfsmanni á sviði hita- og vatnsveitu. Starfið hefur starfsheitið Þjónustufulltrúi 2 og heyrir undir verkstjóra vatns- og hitaveitu

Ábyrgðar og starfssvið:

Hita- og vatnsveita:

- Almenn störf vegna notendabjónustu veitnanna. Verkpættir eru m.a. við:
 - o Mæla álestur hjá fyrirtækjum og stofnunum
 - o Umsjón með lager á mælitækjum veitunnar
 - o Þjónusta við notendur
 - o Aðstoð við önnur störf innan veitunnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af verklegum framkvæmdum í tengslum við lagnakerfi er kostur
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Ensku og tölvu kunnátta nauðsynleg

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Þór Haraldsson í síma 480 1500 eða netfang sigurdur@arborg.is. Umsóknarfrestur er til 29.nóvember 2022. Sótt er um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is>



SELFOSSEITUR

Leó ungbarnapeysa

Uppskrift okkar að þessu sinni er ungbarnapeysa úr nýju dásamlegu gami frá Permin sem heitir Leonora. Garnið er blanda, 50% silki, 40% ull og 10% mohair, lungamjúkt og áferðafallett.

Stærðir: 62-68-74 sm.

Efni: 2 dk Leonora, hringprjónn og sokkaprjónar no 2,5 og 3,0, kaðlaprjónn/hjálparprjónn, prjónanælur, prjónamerki, 8 tölur.

Peysan er prjónuð neðan frá og upp.

Kaðall: Kaðlarnir ná yfir 10 l.

1.umf. 2 br, 6 sl, 2 br.

2.umf. 2 sl. 6 br, 2 sl.

3.umf. Fyrri kaðall: 2 br, setjið 3 l á hjálparprjón og geymið þær fyrir framan næstu lykkjur, prjónið næstu 3 l sléttar, svo lykkjurnar af hjálparprjóninum sléttar og 2 br. Seinni kaðallinn er prjónaður eins nema hvað nú eru lykkjurnar á hjálparprjóninum geymdar fyrir aftan næstu lykkjur.

4.umf. 2 sl. 6 br, 2 sl.

5.umf. 2 br, 6 sl, 2 br.

6.umf. 2 sl. 6 br, 2 sl.

Endurtakið þessar 6 umferðir.

Hnappagat: Hnappagöt eru gerð í garðapryónskantinum á 10 garða (20 umf.) fresti, það fyrsta þó eftir 2 garða (4 umf.)

Prjónið 2 l sl, 2 l saman sl, fitjið upp 2 l, takið næstu l óprjónaða og steypið henni yfir næstu l sem prjónuð er sl, prjónið síðustu l sl.

Bolur:

Athugið að fyrstu 6 l og síðustu 6 l eru alltaf prjónaðar sléttar og fyrsta lykkjan er alltaf tekin óprjónuð. Fitjið upp 155-165-175 l á prjóna no 2,5 og prjónið 8 umferðir brugðning, 1 sl og 1 br til skiptis. Skiptið yfir á prjóna no 3,0 og prjónið 6 l sléttar (garðapryónskanturinn), 3 l sl, kaðall, slétt þar til 19 l eru eftir á prjóninum, þá kaðal, 3 l sl og 6 l sl. Snúið við og prjónið 6 sl, 3 br, kaðall, br þar til 19 l eru eftir á prjóninum, þá kaðal, 3 l br og 6 l sl. Prjónið þar til bolur mælist 24-25-26 sm (athugið að þessi peysa er viljandi höfð svolítið síð, vel má hafa hana allt að 6 sm styttri). Hvílið stykkið og prjónið ermar.

Ermar:

Fitjið upp 40-42-44 l á prjóna no 2,5, tengið í hring og prjónið stroff 1 sl, 1 br alls 6 umferðir. Skiptið yfir á prjóna no 3,0 og prjónið slétt. Setjið merki við upphaf umferðar og aukið út á u.p.b. 2 sm fresti þar til alls eru 50-54-56 l á prjóninum. Prjónið þar til ermi mælist 16-17-18 sm. Setjið 2 síðustu og 2 fyrstu l umferðar á hjálparælur. Prjónið aðra ermi eins.



Boðungur:

Prjónið alls 37-40-43 l af bolnum, setjið næstu 4 l á hjálparælur, setjið prjónamerki, prjónið ermi við bolinn, setjið prjónamerki, prjónið bakstykki 73-77-81 l, setjið næstu 4 l á hjálparælur, setjið prjónamerki, prjónið ermi við bolinn, setjið prjónamerki, prjónið síðustu 37-40-43 l af bolnum. Athugið að kaðlar haldast áfram allt upp í hálsnál sem og hnappagöt.

Nú er farið að gera laskaúrtökur á réttunni. Þær eru gerðar þegar 3 l eru að prjónamerkinu, fyrst er 1 l tekin laus af og steipt yfir næstu l sem prjónuð er sl, þá 2 l sl, loks 2 l saman. Haldið þannig áfram þar til 4 l eru á milli laskaúrtaka á ermum. Í næstu br umferð er fækkað um 24-26-26 l jafnt yfir fram og bakstykki, þó ekki á garðapryónskantinum, þeir halda sér óbreyttir. Í næstu umferð er prjónað stroff yfir allar l á milli garðapryónskantanna, 1 sl, 1 br, alls 6 umferðir. Athugið að gera síðasta hnappagatið í annarri stroffumferðinni. Fellið laust af, lykkjið saman í handvegi, saumið tölur á, gangið frá endum og skolið úr mildu sápuvatni. Leggið til þerris.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Jólabasar Kvenfélagsins á Eyrarbakka

Hinn árlegi jólabasar Kvenfélagsins á Eyrarbakka verður haldinn á Stað á Eyrarbakka sunnudaginn 20. nóv. klukkan 14:00

Basarnefndir í félaginu eru þrjár, tvö ár í senn og núverandi nefnd hefur verið með vinnukvöld einu sinni í viku síðan í september.

Basarinn hefur verið fastur liður til margra ára og á sinn fasta sess í félagsstarfi Eyrbekkinga og styður samfélagið vel við okkar störf með því að leggja okkur lið, sem ber að þakka.

Til sölu er ýmis varningur, hannyrðir af ýmsu tagi og önnur handverk, ásamt spilastokkum

með tvenns konar Eyrarbakka-myndum og margt fleira. Kaffi, vöffur og gos verður á staðnum og allur ágóði mun renna til líknarmála.

Kvenfélagið vonast til þess að sjá sem flesta og eiga nota-lega stund á Stað á Eyrarbakka á sunnudaginn.





Dreymir um tónlistarlegan vettvang þar sem ríkir traust og virðing

Herdís Rútsdóttir, tónlistarkennari í og söngkona úr Austur-Landeyjum sem búsett er á Selfossi, fór nýlega af stað með söngnámskeið fyrir krakka á aldrinum 8-15 ára sem ber heitið „Söngur, sjálfstraust og sjálfstyrking“.

Hugmyndin um að halda söngnámskeið fyrir krakka á þessum aldri hefur lengi blundað í Herdís. „Eftir að ég fór að kenna tónmennt í Sunnulækjarskóla í haust fann ég að þetta var eitthvað sem ég yrði að gera á þessum tímamarki. Ég hef sjálf verið mikið að syngja frá unga aldri og er einn aðal hvatinn minn að ná að „normalisera“ þessar kvíðatengdu og neikvæðu hugsanir sem við veltum upp í kollinum á okkur hver í sínu horni. Eins og til dæmis, „þetta verður ekki nógu gott hjá mér“ eða „öllum á eftir að finnast ég léleg/ur“ þessar pælingar eru svo brjálæðislega algengar og trúlega hugsum við söngfuglarnir þær öll á einhverjum tímamarki í lífinu. Þess vegna er draumurinn minn að skapa tónlistarlegan vettvang, byggðan upp á hópum þar sem ríkir traust og virðing. Hver tími hefur þema, t.d. verður byrjað á að fjalla um kvíða, næst æfum við okkur að hrósa og taka hrósi, svo verður unnið með markmiðasetningu, jákvæðni, hugrekki, sjálfsmildi og annað uppbyggilegt efni sem veitir ekki af að fræða ungt fólk um í þessum stafræna heimi sem við búum í,“ segir Herdís.

Einstaklingsmiðuð kennsla „Mér finnst söngur og framkoma vera kjörinn vettvangur til að byggja upp sjálfstraust og efla krakka á svo margan hátt. Í tímunum munu krakkarnir bæði syngja saman og svo fær hver fyrir sig einstaklingsmiðaða kennslu og þá horfa hinir í hópnum á á meðan að einn syngur, þá fá þau einstaklingsmiðaða endurgjöf og geta líka lært af því að horfa á hina ásamt því að æfa sig í því að koma fram í leiðinni. Námskeiðið er nýfarið af stað og eru ennþá nokkur laus pláss fyrir áhugasama, en einnig mun nýtt námskeið fara af stað í byrjun janúar. Skráningin fer fram í gegnum netfangið herdisrutsd@gmail.com og eru nánari upplýsingar um námskeiðið að finna á fésbókarsíðunni Herdís Rúts Music,“ segir Herdís að lokum.

Það er alltaf nóg að gera hjá Herdís, að auki við námskeiðs-

hald og tónmenntarkennslu er hún dugleg að koma fram og mun hún syngja á tónleikum sem verða í Tryggvaskála í kvöld, 17. Nóvember kl. 21. og næst í Midgard á Hvolsvelli um næstu helgi.

Jólabókagleði á Geysi

Hin vinsæla jólabókagleði hefur verið undanfarin ár á mismunandi stöðum í sveitinni en í ár verður hún á Sögu á Geysi, nýrri og glæsilegri stofu í þjónustubyggingunni við hliðina á hóteli Geysi á laugardaginn 19.11. á milli kl 13-16

Íbúar sveitarinnar gátu sent inn ábendingu um þá rithöfunda sem þeim langaði til að sjá. Það er gleðilegt að flestir hafa tilkynnt komu sína: Sigrún Eldjárn, Gunnar Helgason, Sigríður Víðis Jónsdóttir, Berggrós Kjartansdóttir, Lára Kristín Pedersen, Hjálmar Jónsson og Ragna Sigurðardóttir. Einnig mun bókaútgáfan Bókabeitan vera með kynningu og bækur til sölu á staðnum en fyrirtækið er

að gefa út vandaða og skemmtilegar barna- og unglingabækur og vel valdar fullorðins bækur. Dagskráin byrjar kl. 13 með upplestri barnabókahöfunda, síðan fylgja unglinga- og fullorðins bækurnar. Hin frábæra og glæsilega Fríða Hansen auk hljómsveitar mun vera með lifandi tónlist á milli upplestrar.

Veitingahúsið Geysir býður gestum frítt upp á tvær tegundir

af súpu með brauði, frítt kaffi og sætan bita með kaffinu. Og kannski kemur jafnvel jóla-sveinninn snemma í ár niður af fjöllum til að skemmta þeim sem mæta á staðinn.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest á jólabókakynningu Bláskógabyggðar, laugardaginn 19. nóvember kl 13-16 á Sögu Geysi, gengið er inn á Sögu úr þjónustubyggingunni að framan.



VÍNBÚÐIN VÍK

FRÁBÆR TÍMAVINNA

Líflegt starf fyrir tvítuga og eldri

Vínbúðin Vík leitar að jákvæðum og röskum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Starfshlutfall er breytilegt eftir þörfum.

Umsækjandi þarf að hafa náð 20 ára aldri. Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember. Allir áhugasamir eru hvattir til að sækja um á vinbudin.is.

Nánari upplýsingar: Petra Kristín Kristinsdóttir, vik@vinbudin.is – 560 7892 og Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Við viljum að vinnustaðurinn sé lífandi og skemmtilegur og vinnum markvisst að því að auka ánægju starfsfólks. Við leggjum áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til að þroskast og læra nýja hluti. Þannig eflum við þekkingu og kraft fyrirtækisins.

Gildi ÁTVR eru LÍPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

JAFNLAUNAVOTTUN
2021 - 2024

VÍNBÚÐIN



JAFNLAUNAVOTTUN
2021 - 2024





Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Stuttur afmarkaður kafli í bók er eins og að taka matskeið af lýsi segir lestrarhesturinn séra Arnaldur Bárðarson

Arnaldur Bárðarson er 56 ára Akureyringur. Hann hefur lokið kennaranámi og guðfræðinámi og vígðist sem prestur til Raufarhafnar árið 1996. Hann var prestur á Hálsi í Fnjóskadal og í Glerárkirkju um tíma auk þess að starfa sem prestur hjá norsku kirkjunni í tæp átta ár. Nú starfar Arnaldur sem sóknarprestur í Árborgarprestakalli. Kona hans er séra Ingibjörg Jóhannsdóttir og eiga þau fimm syni og sex barnabörn.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að lesa tvær bækur þessa dagana. Báðar ritaðar af prestum. Önnur er Gústi guðsmaður en þar er rakin ævi þessa þekkta prédikara og guðsmanns sem stóð á götuhornum á Siglufirði og prédikaði yfir vegfarendum. Hann var líka í útgerð og gaf megnið af því sem aflaðist til kristinboðs og hjálparstarfs meðal fátækra barna. Þetta er mikil bók og ítarleg svo sem vænta mátti af séra Sigurði Ægissyni presti og þjóðfræðingi. Hin bókina sem ég er að grípa í er Baráttusaga séra Halldórs Gunnarssonar í Holti. Þar rekur hann sitt áhugaverða lífshlaup og öll þau framfara- og réttlætismál sem hann barðist fyrir á undanförunum áratugum. Virkilega áhugaverð og um leið hvetjandi bók um að fólk standi fast við hugsjónir sínar.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Þær bækur sem annars höfðu mest til mín í dag eru ýmiskonar sagnfræði og það sem kallast þjóðlegur fróðleikur. Sögur af atburðum, ævi- og örlagasagnir ýmsilegar. Ég hef einkum áhuga

á sögu Íslands, staðhátum, mannlífi áður og fyrr og náttúru-fari landsins. Móðir mín er iðinn að senda mér bækur eftir ýmsa nútímahöfunda. Stundum les ég þá en oftast en ekki vel ég bækur eftir ýmsa eldri höfunda sem kannski eru minna lesnir. Heiðrekur Guðmundsson til dæmis eða Rósberg Snædal. Það er eitt-hvað við árin sem eru liðin sem heillar mig meir en akkúrat það sem er í samtímanum. Stundum gríp ég í erlendar spennusögur sem er þó ekki oft. Um jól er föst heft að lesa tvær til þrjár spennusögur svona til slökunar. Nokkuð reglulega gríp ég í ljóðabækur. Þar er í upphaldi gömul höfuðskáld, Hallgrímur Pétursson, Davíð Stefánsson, Matthías Jochumsson. Af yngri skáldum má nefna Gyrði Elíasson og Ísak Harðarson. Ljóð eru oft svo góð til að hvíla hugann. Hugleiða og öðlast nýja sýn.

Ertu alinn upp við lestur bóka?

Það var lesið fyrir mig þegar ég var barn. Þar á ég minningar um biblíusögur og bækur sem hétu Perlur. Mest las móðuramma mín. Sjálfur las ég mikið síðar.

Ég sökkki mér í þjóðsögur og ævintýri. Ég á mikið af þjóðsögum og er enn að lesa í þeim reglulega. Ég drakk í mig ritsafn Jóns Trausta og örlagaþætti þeirra Sverris Kristjánssonar og Tómasar Guðmundssonar.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég er ástríðu lesari þegar ég byrja. Ég get yfirleitt ekki lagt frá mér skáldsögu fyrr en ég hef lesið hana. Síðan í dag er hinn stöðugi lestur sem er úr ritum



Biblíunnar. Þar er alltaf hægt að gripa niður í eitthvað. Biblían er hafsjór af öllum mannlegum hugsunum tilfinningum og upplifunum. Þess vegna er hún bók bókananna.

Áttu þér uppáhaldshöfunda?

Minn uppáhaldshöfundur er Halldór Laxness. Hann segir svo stórbrotnar sögur. Málið svo mikil snilld og húmorinn oft svo hárbeittur og ádeilan. Ég las líka mikið verk Þórbergs Þórðarsonar. Nú er Jón Kalman Stefánsson í upphaldi. Ég hef líka dálæti á verkum Guðmundar Brynjólfssonar kollega mínum.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Bækur ræna mig iðulega svefni. Þegar ég byrja á bók þá á ég oft mjög erfitt með að leggja hana frá mér. Sá vani verður til að ég stundum veigra mér við að lesa nú. Ég verð svo heltekinn af lestrinum að það kemst þá ekkert annað að. Þess vegna kys ég kannski frekar að lesa í dag stutta örlagaþætti og þjóðlegan fróðleik. Skáldverk eru oft svo löng og þá fer svefninn. Stuttur afmarkaður kafli um eitthvað er eins og að taka matskeið af lýsi - hæfilegt. Það er vont að drekka heila flösku!

En að lokum Arnaldur, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ef ég væri að skrifa eitthvað sjálfur til að gefa út myndi ég alveg örugglega skrifa ævisögur. Það er nokkuð sem ég er kannski alltaf að gera í mínu starfi sem prestur. Ég er að skrifa æviágrip fólks. Minningarbrot ástvína um þann sem er verið að kveðja. Mér finnst sögur af lífshlaupi fólks alltaf áhugaverðar. Það er svo ótrúlega margt sem flest fólk hefur séð og upplifað á einni lífsævi. Kannski gæti ég skrifað skáldsögu byggða á lífshlaupi einhvers. En ég held að ég gæti aldrei hins vegar skrifað glæpasögur. Þar hef ég hvorki innsæi né hugarflug til þeirra myrkraverka sem þar eru mikilvæg.



Jólaviðburðadagatalið

Líkt og undanfarin ár verða fjöldi viðburða í boði yfir jólahátíðina fyrir alla aldurshópa. Við hvetjum einstaklinga, félagasamtök og fyrirtæki að kynna sína viðburði, sem haldnir verða frá lok nóvember og fram í janúar, í viðburðadagatali sveitarfélagsins.

Hægt er að senda upplýsingar um viðburði til Ólafs Rafnars Ólafssonar, olafur.rafnar@arborg.is eða hafa samband í síma 480 1900.

Mikilvægt er að fram komi dag- og tímasetningar viðburða sem og stutt lýsing á viðburðinum. Í lokin minnum við á að senda upplýsingar með góðum fyrirvara.

Jólaglugginn 2022

Jólagluggarnir í Árborg verða á sínum stað þetta árið en frá 1. des til 24. des opnar fyrirtæki eða stofnun einn skreyttan jólaglugga sem inniheldur bókstaf. Sem fyrr opnar fyrsti jólaglugginn í bókasafni sveitarfélagsins, Selfossi. Börnin taka þátt í jólaratleikum með því að finna einn bókstaf á dag á mismunandi stöðum í sveitarfélaginu. Þau raða bókstöfunum saman og mynda með því setningu sem aðstoðar við að finna rétt svarið!

Fyrirtæki og/eða stofnanir sem vilja taka þátt í jólaglugganum 2022 geta haft samband við Leu Agnarsdóttur, leua@arborg.is eða í síma 480 1900 til að velja dagsetningu á opnun þeirra glugga. Fyrstur kemur fyrstur fær er fyrirkomulagið á úthlutun dagsetninga.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

www.arborg.is

Skötuðlaðborð á Messanum Selfossi 23. des 2022

Brennivínssild
Karrysild
Skata
Tindabikkja
Fiskipönnur með ferskum fisk
Plokkfiskur, gratineraður með bearnais
Rúgbrauð og smjör
Kartöflur og rófur
Hnoðmör og hamsatölg
Blandaðir eftirrættir

Verð: 4.990 kr á mann

Borðabókanir á www.messinn.com eða
selfoss@messinn.com

Aðventuhlaðborð á Messanum Selfossi

í hádegjnu dagana 8., 9., 15., 16. og 22. des

Sjávarréttasúpa og nýbakað brauð

Brennivínssild
Karrysild
Rúgbrauð
Reyktur lax
Grafin lax
Piparrótarsósa
Graflaxsósa
Kalt sjávarréttapasta
Plokkfiskur
2 tegundir af fiski pönnum
Grænmetis- og kartöflupönnur
Blandaðir eftirrættir

Verð: 4.990 kr á mann

Borðabókanir á www.messinn.com eða
selfoss@messinn.com

Kvöldstemning

Fimmtudagskvöldið 17. nóvember er komið að hinni árlegu kvöldstemningu okkar. Kl. 18 verður kveikt á jólaljósunum í bænum og af því tilefni höfum við opið lengur. Sköpum jólastemninguna saman.

Þú færð allt fyrir jólin í Árborg – og meira til!
Verslum í heimabyggð!

BYKO
GERUM PETTA SAMAN



Bókakaffið
Selfossi



LINDIN
TÍSKUVERSLUN

LINDEX

**RÚMFATA
LAGERINN**

SIILAY

Karl úrsmiður
Selfossi

Sjafnarblóm

Motivo
VERZLUN

galleri OZONE
AUSTURVEGI 35
SELFOSSI

Sportbær
SKÓBÚÐ SELFÓSS

**PYLSU
VAGNINN**
SELFÓSSI

Hannyrðabúðin
Eyravegí 23, Selfossi // 555-1314

Yrja

HLAÐAN

Litla garðbúðin
Austurvegi 21

Bíóhúsið

LÍFLAND

CLEOPATRA
TÍSKUVERSLUN
Miðgarður - Selfossi - 482 2144

blómaval
heillandi heimur

HÚSASMÍÐJAN

A4+

Öll fyrirtæki sem eru með opið lengur setja kerti út hjá sér.

Íþróttir

Norðurlandameistari þriðja árið í röð

LYFTINGAR Norðurlandameistaramótið í ólympískum lyftingum fór fram helgina 12-13. nóv. í Miðgarði í Garðabæ, þar sem yfir 100 keppendur kepptu frá norðurlöndunum í hinum ýmsu flokkum. Hinn 19 ára gamli Selfyssingur Bjarki Breiðfjörð Björnsson, frá Cross-fit Selfoss, náði glæsilegum árangri á mótinu og varð Norðurlandameistari þriðja árið í röð.

Bjarki hefur sigrað í -73 kg flokki síðustu tvö ár en hann keppti nú í fyrsta skipti í -81 kg flokki junior. Þó að hann hafi færst upp um flokk þá kom það ekki í veg fyrir að hann næði í titilinn eftir hörku spennandi keppni í fjölmönnum keppendahópi. Bjarki snaraði 116 kg og er það bætting um 6 kg, hann tók svo 130 kg í jafnhendingu og bætti sig þar um 3 kg í keppni og gerir það 246 kg í samanlagðri þyngd hjá þessum unga efnilega lyftara.



Stærsta pílumót Selfoss sögunnar um helgina

PÍLA Næsta laugardag, 19. nóvember, verður fyrsta pílumót Opna Selfoss haldið í Hvíta Húsinu á Selfossi, í samstarfi við Einar Björnsson og Önnu Stellu Eyþórsdóttur. Pílufélag Selfoss sem var stofnað árið 2020 og endurvakið árið 2022 telur um 30 skráða iðkendur. Pílufélagið hefur fengið að æfa í Tíbrá á mánudögum, en í heildina hafa um 50 félagar verið að mæta, sem verður að teljast nokkuð gott, miðað við stuttan lífaldur félagsins.

„Það er gríðarlegur kraftur í iðkendum og við höfum verið að þrýsta á betri aðstöðu því Tíbrá er ekki nógu stór og höfum fengið vilyrði frá Golfskálanum sem við komumst vonandi inn í fljótlega. Á mótinu verða 64 keppendur hvaðanæva af landinu, þ.á.m. núverandi Íslandsmeistari, aðrir margfaldir íslandsmeistarar, landsliðsfólk og landsliðsþjálfarar. Það er gríðarlegur áhugi á pílu á Selfossi og mikil eftirvænting fyrir mótinu.



Vonin er að geta tekið á mótí fleiri iðkendum og boðið upp á námskeið fyrir börn og unglinga þegar við komumst í stærra húsnæði,“ segir Sævar Þór Gíslason, iðkandi í Pílufélagi Selfoss.


Húsið opnar kl. 11, mótið hefst kl. 12 og stendur frameftir degi. Mótið er opið og gestum er velkomið að koma og sjá bestu pílara landsins keppa á Selfossi.

Meðlimir Pílufélags Selfoss vilja koma á framfæri sérstökum þökkum til þeirra fyrirtækja sem leggja þeim lið til að gera mótið að veruleika en það eru Guinness, Tools.is, Reykjavell, Fagform, Lagsamir byggingaverktakar, Pro-Garðar, Skalli, Raflagnabjónusta Selfoss, Húsasmiðjan og Vélsmiðja Suðurlands. **HGL**

Þrjú ungmenni fengu fjárstuðning frá Rangárþingi eystra

Nýlega var úthlutað úr Íþrótt- og afrekssjóði Rangárþings eystra. Markmið sjóðsins er að veita einstöku Íþrótt- og afrekssjóði, sem keppa fyrir hönd Íþróttafélags í Rangárþingi eystra, viðurkenningu og fjárstuðning til að auðvelda þeim æfingar og þátttöku í mikilvægum keppnum. Þrjú ungmenni fengu fjárstuðning að þessu sinni en það er Heilsu-, Íþrótt- og æskulýðsnefnd sem fer yfir umsóknir.

Birta Sigurborg Úlfarsdóttir fékk 20.000 krónur fyrir að stunda æfingar og keppni á



knattspyrnu á Selfossi. Ívar Ylur Birgisson fékk 40.000 krónur í styrk fyrir að vera í úrvalshópi KKI í körfubolta og einnig styrk til að stunda frjálsar Íþróttir á Selfossi þar sem aðstaðan á Hvolsvelli er ekki fullnægjandi.

Katrín Eyland Gunnarsdóttir fékk 60.000 krónur í styrk fyrir að vera Íslandsmeistari í boðhlaupi í sínum aldursflokki og einnig styrk fyrir að stunda æfingar á Selfossi vegna aðstöðuleysis.

Umsóknarfrestur fyrir næstu úthlutun er 1. mars 2023.



Tveir fulltrúar Suðra keppa í Danmörku

LYFTINGAR Íslenska landsliðið í kraftlyftingum er á förum til Viborg í Danmörku þar sem heimsmeistaramót IPF í kraftlyftingum fer fram 14.-19. nóvember nk. Keppendur eru þau Sóley Margrét Jónsdóttir, Alex Cambray Orrason og Guðfinnur S Magnússon.

Í tengslum við HM verður haldið kraftlyftingamót á vegum Special Olympics International og er ánægjulegt að geta sagt frá þátttöku tveggja íslenskra keppenda á því móti. Það eru þau María Sigurjónsdóttir og Jón Ingi Guðfinnsson frá Íþróttafélaginu Suðra á Selfossi en með í för verður Örvar Arnarson, þjálfari þeirra.

Í maí 2022 gerðu KRAFT og Íþróttasamband fatlaðra

með sér samstarfssamning með það fyrir augum að efla og auka þjónustu við fatlaða kraftlyftingamenn og -konur og er þessi þátttaka liður í því. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskir keppendur taka þátt í þessu móti en Special Olympics samtökin hafa unnið að auknu samstarfi við alþjóðasamtök í ýmsum greinum.

Þau María og Jón Ingi hafa æft lyftingar hjá Íþróttafélaginu Suðra á Selfossi undanfarin ár en þar hefur Örvar Arnarson, þjálfari byggt upp öflugan lyftingadeild. Þau María og Jón Ingi munu keppa í sínum greinum föstudaginn 18. nóvember. Aðrir keppendur koma frá Svíþjóð, Bretlandi og Bandaríkjunum.

Farsælt samstarf Landsbankans og Frjálsíþróttadeildar UMFS heldur áfram

FRJÁLSAR Á dögnum var skrifað undir áframhaldandi samstarf Landsbankans á Selfossi og Frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss og verður Landsbankinn því áfram einn af aðal-samstarfsaðilum Brúarhlaupsins á Selfossi og deildarinnar. Landsbankinn og Frjálsíþróttadeildin hafa um árabil átt mjög gott samstarf. Með

samstarfinu vill Landsbankinn sýna í verki áhuga sinn og stuðning við forvarna-, æskulýðs- og íþróttamál.

Landsbankinn stóð á árum áður fyrir sérstöku Landsbankahlaupi og naut þar aðstoðar frjálsíþróttadeildarinnar við framkvæmd þess. Landsbankahlaupið var fyrst haldið á 100 ára afmæli bankans árið 1986 og var

árlegur viðburður þar til Brúarhlaup Selfoss tók við á 100 ára afmæli Ölfusárbrúar árið 1991. Því má segja að samstarf frjálsíþróttadeildarinnar og bankans hafi snúist við þega bankinn fór að aðstoða Frjálsíþróttadeildina við framkvæmd hlaupsins en auk fjárstyrks hefur bankinn lagt fram húsnæði og starfsfólk.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætla:

1. Krækishólar; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. október 2022 að kynna skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulag sem tekur til frístundasvæðisins Krækishóla. Í breytingunni felst að landnotkun svæðisins breytist úr frístundasvæði í íbúðarsvæði.

2. Krækishólar ; Deiliskipulagsbreyting; Frístundasvæði í íbúðarsvæði

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. október 2022 að unnin yrði skipulagslýsing fyrir breytingu á deiliskipulagi og auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi vegna svæðisins. Í breytingunni felst að landnotkun svæðisins breytist úr frístundasvæði í íbúðarsvæði.

3. Bæjarás veiðihús L233313; Laxárdalur við Stóru-Laxá (svæði AF2); Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. október 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðinu Stóra-Laxá, veiðihús (svæði AF2) í landi Laxárdals. Með breytingunni verður AF2 tvískipt svæði þar sem gert er ráð fyrir nýju veiðihúsi að lóðinni Bæjarás veiðihús L233313. Breyting verður gerð á greinargerð aðalskipulags- og skipulagsupprætti.

4. Bæjarás; Veiðihús; Deiliskipulag

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2022 að kynna tillögu deiliskipulags sem tekur til veiðihúss að Bæjarási í landi Laxárdals. Innan lóðarinnar er heimilt að byggja allt að 180 fm hús á einni hæð sem þjónar starfsemi tengdri veiðifélagi árinna. Mænishæð húsa skal ekki yfirstíga 6.0 m frá gólfplötu. Nýtingarhlutfall lóðar verði mest 0.2. Ekki skal byggja nær lóðamörkum en í tveggja metra fjarlægð. Gætt skal að því við uppbyggingu mannvirkja innan lóðarinnar að

starfsemin hafi engin takmarkandi áhrif á nýtingaráform fyrir möguleg búrekstrarnot af aðliggjandi svæði.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

5. Einiholt 1 land 1 L217088; Stækkun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóða Einiholts 1 lands 1 L217088 og Mels L224158. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit B-1 á lóðinni Melur og heimild til að byggja allt að 300 fm þjónustuhúsnæði innan stækkunar ásamt heimild til að stækka núverandi þjónustuhús fyrir rafbíla úr 80 fm í 110 fm. Einnig er gert ráð fyrir stækkun á byggingarreit B-3 og heimild til að byggja allt að 300 fm þjónustuhúsnæði innan stækkunar. Auk þess er bætt við byggingarreit B-4 á spildunni Einiholt 1 land 1 þar sem byggja má allt að 800 fm þjónustuhúsnæði.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is og www.skeidgnup.is.

Mál nr. 1, 2, 3 og 4 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 17. nóvember 2022 til og með 9. desember 2022.


Mál nr. 5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 17. nóvember 2022 með athugasemdafrest til og með 30. desember 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangi@utu.is.

Vígfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU

Er þitt fyrirtæki tilbúið?

Samræmt flokkunarkerfi verður tekið í notkun eftir áramót.
Flokkun verður eins um allt land!



Við erum tilbúin að aðstoða

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ



gamafelagid.is

577 5757

arborg.is

480 1900

Útboð

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
óskar eftir tilboðum í verkið:

Búrfellshólmsnáma - efnistaka

Verklok eru 15.11.2022

Verkið felur í sér efnistöku úr vikurnámu í landi Búrfells. Verktaki skal taka vikurefni frá 15 maí - 1 nóvember ár hvert samkvæmt útboðslýsingu og ganga frá efnistökusvæði samanber útboðslýsingu.

Helstu magntölur eru:

Efnistaka vikurs

3-5.000.000 m³

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 15. nóvember 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Magnús hjá EFLU Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið magnus.olason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Árnesi 804 Selfossi, fyrir kl. 11:00 þriðjudaginn 29. nóvember og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson Sveitastjóri



LÖG GUNNARS ÞÓRÐARSONAR Stórtónleikar í íþróttahúsinu Laugarvatni 19. nóvember 2022, kl. 14:00

Flutt verða lög Gunnars Þórðarsonar, en flytjendur eru um 130 talsins og koma úr öllum hljóðfæra- og söngdeildum skólans.

Við hvetjum Sunnlendinga til að mæta á skemmtilega tónleika og kynnast gróskumiklu starfi tónlistarskólans.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.



Gaman saman í Félagi eldri borgara í Hveragerði

Föstudagskvöldið 11. nóvember sl. var Sviðaveisla á vegum Félags eldri borgara í Hveragerði og var hún haldin í Rósakaffi. Við í stjórn félagsins áttum von á að 50 - 60 manns myndu skrá sig en raunin varð önnur. Eftir fyrstu þrjá tímana í skráningu voru komin 70 nöfn og þannig hélt þetta áfram. Við fórum nokkrar ferðir að ræða við húsráðendur í Rósakaffi og þau sögðu alltaf „ekki er mál, við bætum bara við stólum og borðum og færum til húsgögn.“ Þetta endaði með geysilega góðri veislu með 107 gestum, Karlað Hveragerðis söng fyrir okkur, í happdrætti kvöldsins voru margir góðir vinningar, maturinn bragðaðist frábærlega og var skolað niður með margs konar spennandi tegundum af bjór. Og það eru bara allir svo glaðir og ánægðir að geta aftur hitt mann og annan og blandað geði.

Margt annað hefur verið í boði á þessu ári. Má þar nefna tvær mjög vel heppnaðar dagsferðir á vegum félagsins, Vestmannaeyjaferð í lok maí og haustferð um Njálslóðir um miðjan september. Báðar ferðir hafa verið góðar, fólk hefur látið ánægju sína óspart í ljós og allir hafa komist með sem vildu. Einnig má nefna þrjár leikhúsfærðir, tvær í vor og eina í haust.

Í september sl. fór af stað ný dagskrá, bæði í húsnæði félagsins, Þorlákssætri, en einnig í húsnæði Heilsustofnunar NLFÍ og í sal Skyrgerðarinnar. Má þar nefna ný námskeið s.s. vatnsleikfimi, dansleikfimi, Yoga og Yoga nidra slökun, ritlist, vatnslitun, listútsaumur, en fastir liðir eins og félagsvist, bridge,

boccia, handavinna, tréskurður, ljósmyndun, bókmenntahópur o.fl. er einnig á sínum stað og öflugt kórastarf hjá Hverafuglum.

Það sem er næst á döfinni: Föstudaginn 18. nóvember kl. 19.30 verður í Þorlákssætri fræðsluerindi um öldrun og er það Sigrún Huld, hjúkrunarfræðingur og rithöfundur sem heldur það. Einnig eru Hverafuglar að taka þátt í kórámóti á Hótel Örk um næstu helgi. Fimmtudaginn 1. desember verður svo farið í jólahlaðborð á Hótel Rangá.

Það er gaman að geta þess að það hafa um 60 nýir félagar gengið í félagið okkar síðan í haust, margir aðeins rúmlega 60 ára. Nú miðum við líka við að fólk sé enn í vinnu og höfum ýmislegt í boði eftir kl. 17 á daginn.

En hver er grunnurinn að þessum áhuga og góðu gengi í

Félagi eldri borgara í Hveragerði? Á aðalfundi félagsins í febrúar sl. voru kosnir þrír nýir stjórnarmenn sem hafa margra áratuga reynslu af stjórnun og vinnu við félagsmál. Það skilaði sér í því að strax í byrjun maí skipulögðum við vörfund sem við kölluðum „hugmyndahitting“ þar sem við notuðum aðferðir SVÓT-greiningar til að kanna í hópastarfi áhuga og vilja félagsmanna. Um 70 manns mættu og niðurstöður úr þessari hópavinnu félagsmanna er grunnurinn að þeirri vinnu sem farið hefur fram síðan. Félagarnir skipta öllu máli og stjórnin hefur það hlutverk að skipuleggja það starf sem þeir hafa mestan áhuga á. Við leggjum okkur fram um það - þess vegna er svo gaman saman.

Sigurlín Sveinbjarnardóttir,
starfandi formaður FEB Hveragerði



Frá Sviðaveislu FEB Hveragerði í Rósakaffi 11.11.2022
Mynd: Steinunn Aldís Helgadóttir

Jólahjól Stuðlabandsins

Tónleikarnir á Sviðinu á Selfossi
25. nóvember og 2. desember

Miðasala fer fram á tix.is

Ath. að takmarkaður fjöldi miða er í boði á þennan viðburð

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands: „Og nú verðum við óstöðvandi“

Það má kannski segja að „Þundirbúningur að stofnun Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands hafi hafist fyrir rúmum 30 árum þegar ég fór að vinna að uppbyggingu Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands,“ segir Guðmundur Óli Gunnarsson, hljómsveitarstjóri. „Reynslan af því starfi er auðvitað ómetanleg og besta veganesti sem hægt að er hugsa sér.“

Leggur sitt í uppbyggingu menningar á Suðurlandi
Sinfóníuhljómsveit Suðurlands er nú á sínu þriðja starfsári. Hljómsveitin er mikilvægur hluti af uppbyggingu menningarlífs á Suðurlandi.

„Formlega séð þá er miðað við að hljómsveitin hafi verið stofnuð 10. júní 2020 en það er dagurinn sem var ákveðið að láta á þetta reyna í alvörunni og við, aðstandendur hljómsveitarinnar, sjáum svo sannarlega ekki eftir því,“ segir Guðmundur Óli.

Fyrir samfélag Sunnlendinga
Með eigin sinfóníuhljómsveit skapast ekki síður atvinnutækifæri fyrir tónlistarmenntað fólk í klassískri tónlist í landshlutanum. „Okkar markmið er að starfrækja klassíska hljómsveit atvinnutónlistarfólks, vera hljómsveit alls Suðurlands og starfa fyrir samfélagið og með samfélaginu,“ segir Guðmundur Óli.

Ávinningurinn mikill
„Ávinningurinn af starfi hljómsveitarinnar er bæði samfélagslegur og hagrænn ef svo má segja. Hún skapar störf fyrir atvinnutónlistarfólk og auðgar menningarlíf í landshlutanum og reyndar gæti ég haldið langa, mjög langa ræðu um hver ávinningurinn er því hann kemur fram á svo mörgum sviðum, en við geymum hana þar til síðar,“ segir Guðmundur Óli og kímir.
Verkefnin frá upphafi er fjölmörg. „Fyrstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands voru haldnir haustið 2020. Þetta voru þrennir skólatónleikar fyrir börn úr sex skólum í Árnesþingi og ári síðar voru haldnir fimm tónleikar fyrir börn í Árborg, Flóahreppi, Ásahreppi, Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra og Vestmannaeyjum.

Hafa spilað fyrir börn í öllum sveitarfélögum
Í vor náði hljómsveitin svo þeim gleðilega áfanga að vera búin að spila skólatónleika fyrir börn í öllum fimmtán sveitarfélögum Suðurlands. Auðvitað hefur Kórónuveirufaraldurinn sett mark sitt á starf hljómsveitarinnar og við þurftum að fresta og fella niður nokkra tónleika en náðum að spila á Odda-hátíð, í Listasafni Árnesinga og Vínartónleika bæði á Höfn og á Kirkjubæjarklaustri. Í haust hófst svo önnur skólatónleika-



Mynd: dfs.is/hgl

röð hljómsveitarinnar. „Og nú verðum við óstöðvandi“ segir Guðmundur Óli brosandí.

Meðbyr og velvilji
Hann segir greinilegt að viðtökur sýni að Sunnlendingar taki því fagnandi að hafa slíka hljómsveit sem sinfóníuhljómsveitin er. „Ég held að það sé alveg óhætt að segja að velvilji og meðbyr hafi einkennt þær viðtökur sem hljómsveitin hefur fengið og fyrir það er ég mjög þakklátur. Menningarmálaráðuneytið styrkir verkefnið og bæði Uppbyggingarsjóður SASS og Tónlistarsjóður hafa reynst ómetanlegir bakhjarlar, auk nokkurra fyrirtækja á Suðurlandi og svo hafa viðtökur tónleikagesta verið frábærar.“

Jólatónleikarnir
Um jólatónleikana þann 10. desember í Selfoskirkju segir Guðmundur Óli þá verða af þeim myndugleika að sveitin sé að stækka og eflast. „Þeir verða bæði gleðilegir og hátíðlegir. Um 50 hljóðfæraleikarar víða að af Suðurlandi munu skipa hljómsveitina og auk þeirra koma fram Kirkjukór Selfoskirkju og Barna- og unglingakór Selfoskirkju að ógleymdum einsöngvurunum Hallveigu Rúnarsdóttur og Eyjólfu Eyjólfssyni. Þetta eru líklega um 130 flytjendur,“ segir Guðmundur Óli. „Næstum eins margir og gestirnir sem rúmast í kirkjunni því við getum aðeins boðið 200 sæti.“

Framtíð Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands
„Framtíðin er björt og metnaðarfull,“ segir Guðmundur Óli og hlær. „Það er búið að skipuleggja tónleikadagskrá til ársins 2025 og næstu verkefni að loknum jólatónleikum

verða Vínartónleikar í Hvolnum á Hvolsvelli með Diddú og Karlakór Rangæinga og svo pásكاتónleikar þar sem Kirkjukór Selfoskirkju, Kammerkór Norðurlands og Skagfirski Kammerkórinn munu koma fram með hljómsveitinni ásamt einsöngvurum. Þetta eru virkilega spennandi verkefni og ég vona svo sannarlega að þessi starfsemi nái að festa sig í sessi og að Sunnlendingar geti notið sinnar sinfóníuhljómsveitar um langa framtíð,“ segir Guðmundur Óli að lokum.

Frá skólaúðrasveit til Sibeliusarakademiunnar
Vert er þó að spyrja hvaðan Guðmundur Óli en hann er fæddur og uppalinn í Reykjavík í Ljósheimunum. Hann byrjaði ungur að læra á píanó hjá móður sinni Guðrúnu J. Þorsteinsdóttur en hún var píanóleikari og kennari. Síðar bættist trompetinn við og tíu ára byrjaði hann í skólaúðrasveit Austurbæjar. Tónlistin hefur fylgt honum alla tíð og eftir stúdentspróf lá leiðin til Hollands þar sem hann stundaði nám í hljómsveitarstjórnun. „Ég spilaði sjálfur í alls konar hljómsveitum sem barn og unglingur og var byrjaður að stjórna kórum fyrir tvítugt. Og svo fór ég á alla sinfóníutónleika sem í boði voru, öll mín uppvaxtarár og heillaðist snemma af hlutverki hljómsveitarstjórans í því flókna gangverki sem gerir stórrí hljómsveit kleift að hljóma sem ein heild.“ Eftir sex ára nám í Hollandi lá leiðin til Finnlands í framhaldsnám í hljómsveitastjórnun hjá Jorma Panula prófessor við Sibeliusarakademiuna. Að námi loknu var Guðmundur Óli ráðinn til starfa á Akureyri þar sem hann tók m.a. þátt í uppbyggingu Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.



Jólaseðill 2022

3ja rétta jólaseðill í boði öll kvöld frá 16. nóv - 23. des
10.990 kr á mann

Humarsúpa
Brauð, þeytt smjör

Nauta Wellington
Portvínsgljái, karamellaðar kartöflur, eplasalat

French toast
Karamella, möndlur og piparkökufis

WWW.TRYGGVASKALI.IS
tryggvaskali@tryggvaskali.is

TRYGGVASKALI VIKING
Restaurant

Vínartónleikar

5. janúar 2023 kl. 11:30 - 12:30



Fimmtudaginn 5. Janúar býður Sinfóníuhljómsveit Íslands okkur á opna Vínaræfingu í Hörpunni kl. 11:30 - 12:30

Brottför frá Grænumörk kl. 10:00

Akstur kr. 2000,-

Móttaka greiðslu verður í rútu við brottför

Við bendum á, að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Bókunar blöð eru í Grænumörk 5 og vinsamlegast bókið ykkur þar.

Magnús J. Magnússon sími 893 2136
Jóna S. Sigurbjartsdóttir sími 892 8453
Sirrý Guðmundsdóttir í síma 863 7133



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godziny
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
er opin fimmtudaginn
17. nóv. kl. 13:00-14:30.

OPIÐ HÚS
fim. 17. nóv. kl. 14:45.
Bjarni Harðason bóksali verður
með fróðleik og létt efni
Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1.500 kr.

MINNUM Á:
Jóla-opið hús á Hótel Selfossi
miðvikudaginn 7. des.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalð - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501



NUDD
Nuddnámskeið

Uppl. 822 0727
www.dao.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa og sunnudagaskóli í
Selfosskirkju 20. nóvember kl.
11. Verið hjartanlega velkomin til
messu í Selfosskirkju nk. sunnu-
dag. Sr. Axel Njarðvík þjónar fyrir
altari í messu dagsins. Kirkjukór
Selfoss leiðir safnaðarsönginn.
Organisti er Ester Ólafsdóttir.
Sunnudagaskólinn hefst á sama
tíma í safnaðarheimilinu í umsjón
Sjafnar Þórarinsdóttur og æsku-
lýðsleiðtoganna.

Skálholtskirkja
Messa 20. nóv. kl. 11.00.

Torfastaðakirkja
Messa 20. nóv. kl. 14.00.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 19.
nóvember. Biblíulexiur kl. 11 og
guðsþjónusta kl. 12, ræðu hefur
Birgir Óskarsson. Verið velkom-
in.

Hrepphóla kirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 20.
nóvember kl. 11. Kirkjukórinn
leiðir söng undir stjórn Stefáns
Þorleifssonar organista. Sjáumst
í kirkjunni! Sóknarprestur.

Stóra-Núpskirkja
Kvöldvaka kl. 20 sunnudaginn
20. nóvember. Kirkjukórinn
syngur hugljúf lög og sálma.
Sveitungar flytja stuttar frásagn-
ir, hugvekja, bæn og blessun.
Organisti er Þorbjörg
Jóhannsdóttir. Sjáumst í kirkju-
inni! Sóknarprestur.

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Húsnæði óskast
Óska eftir 2ja herbergja íbúð
með hjólastóláðgengi frá og
með 15. des. Uppl. í síma 830
1673.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi Laugardaginn
19. nóv. milli kl. 11:00 og
12:00 á Eyravegi 15,
Selfossi. Bjarni Harðarson
mætir og kynnir bóka-
útgáfu Sæmundar.

TIL SÖLU

Kettlingar
Til sölu nokkrir kettlingar.
Afhendast örmerktir, bólusettir
og ormahreinsaðir. Fjölbreyttir
litir. Uppl. í síma 649 1066, eftir
kl. 20.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

„Snjalltækin okkar“

Námskeið fyrir eldra fólk

Félags- og vinnumarkaðs-
ráðuneytið undirritaði fyrir á
þessu ári samning við Fræðslu-
netið um kennslu í tölvulæsi
fyrir eldra fólk í kjölfar út-
boðs Ríkiskaupa. Um er að ræða
sérniðna kennslu sem hjálpar
eldra fólki á Suðurlandi að nýta
sér þjónustu og rafræn samskipti
á netinu með það að markmiði
að draga úr félagslegri einangr-
un, njóta afþreyingar á netinu og
auka notkun á þjónustusíðum.
Fræðslunetið kallar þessi nám-
skeið „Snjalltækin okkar“ og
hófst kennslan sl. vor og lýkur í
mars á næsta ári. Það er tölvunar-
fræðingurinn Bjarni Hlynur Ás-
björnsson sem sér um kennsluna
og hefur hann ferðast víða um
fjórðunginn vegna þessa, m.a.
til Hafnar, Klausturs og Hellu.
Næstu námskeið verða á Hvols-

velli og í Þorlákshöfn og eftir
áramóti í Hveragerði, á Flúðum
og í Reykholti og Vík. Hvert
námskeið er í fjögur skipti, tvær
klukkustundir í senn.

Markhópurinn er fólk eldra
en 60 ára sem hefur þörf á að
læra á snjalltæki, spjalddölvu og/
eða snjallsíma. Námskeiðin fela
í sér kennslu í notkun rafrænna
skilríkja, heimabanka, netversl-
un og fræðslu vegna samfélags-
miðla og efnisveitna. Þá verður
farið yfir notkun á tölvupósti og
önnur rafræn samskipti. Bæði er
lögð áhersla á hagnýtt gildi sem
og skemmtana gildi tækjanna.

Þeir sem hafa áhuga á að taka
þátt í námskeiðunum geta haft
samband við Fræðslunetið í síma
560 2030 eða með tölvupósti
steinunnosk@fraedslunet.is

Frá kirkjugarðinum
á Selfossi

Laugardaginn 26. og sunnudaginn
27. nóvember nk. verða jólaljósir
kveikt í kirkjugarðinum.

Árvirkjamenn verða til aðstoðar milli
kl. 10:00 og 16:00 laugardaginn 26. nóv. og
kl. 12:00 og 16:00 sunnudaginn 27. nóv.

Orkugjald er 5.500 kr. á leiði.

Hægt er að greiða á staðnum eða í verslun Árvirkjans.

Kirkjugarðsvörður



BÍLAR

AFB
SKÁLINN

Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069





Gröfutækni sér um gatnagerð í nýju hverfi á Flúðum

Skrifað var undir verksamning á milli fyrirtækisins Gröfutækni ehf og Hrunamannahrepps þann 10. nóvember 2022. Þar með er hafin uppbygging fyrsta áfanga íbúðahverfisins Byggða á Bríkum á Flúðum. Tilboð Gröfutækni hljóðaði upp á kr. 173 m.kr. og áttar fyrirtækið að hefja framkvæmdir í byrjun janúar.

Verkið vinnst í tveimur áföngum og felst í gerð á nýjum götum í hverfinu og umfangsmikilli vinnu við tengingu lagna innan hverfisins. Verklök fyrsta

áfanga eru þann 15. júlí 2023 en lokaskil verksins eru 30. september 2023.

25 íbúðir á besta stað á Flúðum

Með þessari framkvæmd er hafin uppbygging á nýju íbúðahverfi sem liggur að svæði golfvallarins á Flúðum að Efra Seli. Í þessum fyrsta áfanga mun verða úthlutað tveimur fjögurra íbúða raðhúsum, tveimur þriggja íbúða raðhúsum, fjórum parhúsum og þremur einbýlishúsum eða 25 íbúðum í allt.

Það er ljóst að beðið hefur

verið eftir lóðum á þessum eftirsóknarverða stað, þar sem veðrið er ávallt með besta móti, stutt er í helstu náttúruperlur þjóðarinnar auk þess sem víðerni hálendisins er innan seilingar auk góðrar þjónustu þéttbýlisins á Flúðum.

Verði eftirspurn eftir lóðum meiri en hægt er að verða við er heimild í útboðinu til þess að ráðist verði strax í gerð annarrar götu og sem gefur þá möguleika á nær tvöfalt fleiri íbúðum í fyrsta áfanga.

Annar áfangi Stekkjaskóla undirritaður

Þann 11. nóvember sl. undirrituðu ÞG Verktakar ehf og Fasteignafélag Árborgar slf samning um hönnun og byggingu á 2. áfanga Stekkjaskóla. Verkefnið er alútboð og skiptist í fullnaðarhönnun og byggingu 2. áfanga skólans

ÞG-Verktakar ehf mun vinna verkið ásamt Eflu verkfræðistofu og Arkitektastofunni Hornsteinar. 2. áfangi byggist suð-vestanmegin við 1. áfanga og telur um 3.800 m² að stærð. Framkvæmd er nú þegar hafin.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

Pípulagnir Júlla

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

TAXI
SELFOSSI
482-3800

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



FYLGDI
Útfarapjónusta



Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

Rétting
og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is